

Ár 2013, mánudaginn 6. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímanssyni, Sigurði I Halldórssyni og Sigurði Magnússyni, dómurum í dómstól ÍSí, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Fyrir var tekið málið nr. 2/2013:

Lyfjaráð ÍSí

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi:

DÓMUR

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dags. 17. mars 2013, móttakin á skrifstofu ÍSí 18. mars 2013, þar sem X, fæddur 1991, er kærður fyrir lyfjamisnotkun. Kærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu, með bréfi dags. 20. mars 2013. Lögmaður kærða skilaði greinargerð, dags. 9. apríl 2013. Lyfjaráði var kynnt greinargerðin. Greinargerð barst frá Lyfjaráði, dags. 15. apríl 2013.

Málið var þingfest 17. apríl 2013, þar var ákveðinn skriflegur málflutningur og aðilum gefinn kostur á að skila inn gögnum fyrir hádegi 24. apríl 2013. Þá yrði gagnaöflun lýst lokið og málið tekið til dóms. Greinargerð barst frá kærða, dags. 24. apríl 2013. Dómurinn kallaði eftir svörum og rökstuðningi aðila 3. maí 2013 við tilteknum atriðum og bárust svör samdægurs.

I

Dómkröfur

Kærandi: Þess er krafist að kærði verði dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabirgðabanns 22. febrúar 2013 að telja.

Kærða: Kærði gerir þær kröfur að óhlutgengi kærða verði felld niður, til vara að undanþága verði veitt frá óhlutgengi vegna sérstakra aðstæðna en til þrautavara að kærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa.

Kærði gerir jafnframt þær kröfur að nafnleyndar verði gætt við birtingu dóms.

II

Gögn málsins

- 1 Kæra Lyfjaráðs, dags. 17. mars 2013, ásamt fylgiskjölum
- 2 Greinargerð lögmans kærða, dags. 9. apríl 2013, ásamt fylgiskjölum
- 3 Greinargerð Lyfjaráðs ÍSÍ, dags. 15. apríl 2013
- 4 Greinargerð lögmans kærða, dags. 24. apríl 2013
5. Tölvupóstur Lyfjaráðs, dags. 3 maí 2013
6. Tölvupóstur kærða, dags. 3. maí 2013

III

Málavextir og málsástæður

Fram kemur í kæru að kærði, X sem er félagi í Keilufélagi Akraness, var boðaður í lyfjaeftirlit 5. febrúar 2013.

Einnig kemur fram í kæru að niðurstöður greiningar á þvagsýni kærða, sem sent var til Svíþjóðar, bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ 21. febrúar 2103. „Þær sýndu að í sýninu var að finna niðurbrotsefni *Methandienone, 17 –oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4, 13-triene-3-one*, sem er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir. Styrkur *Methandienone, 17 –oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4, 13-triene-3-one* í þvagsýni kærða var 28 ng/ml.“

Jafnframt kemur fram í kæru, dags. 17. mars 2013, að kærða var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu við skýrslutöku hjá Lyfjaeftirlitsnefnd 22. febrúar 2013. Fram kemur í kæru að kærða kom niðurstaðan á óvart við fyrstu tilkynningu. Einnig kemur fram, að kærði greindi frá því að hann hafi þegið „næringardrykk“, svokallaðan boost, hjá bróður sínum í góðri trú. „Síðar hafi komið í ljós að bróðir kærða hafði verið nýbúinn að útbúa annan drykk fyrir sjálfan sig og sett út í hann töflur sem heita D-bol og innihalda vefaukandi stera sem greint niðurbrotsefni tengist.“

Fram kemur í kæru að brot telst framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit. Kærandi kveður að „kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun.“ Fram kemur í kæru að kærandi kveður refsingu skv. 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál eiga við í þessu máli, en þar skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lágmarki tveggja ára óhlotgengi. Jafnframt kemur fram í kæru, að það er mat kæranda að til álita komi að beita ákvæðum í 10.5.2 við úrlausn málsins með hliðsjón af lýsingu kærða á málavöxtum. Einnig skuli miða upphaf óhlotgengis kærða við upphaf bráðabirgðabannsins sem hann gekkst undir 22. febrúar 2013.

Í greinargerð lögmans kærða, dags. 9. apríl 2013, kemur fram að kærði er landsliðsmaður í keilu og hefur helgað sig íþróttinni í gegnum tíðina. Kærði hefur þjálfað börn og unginga í keilu og verið mikil fyrirmynd fyrir keiluíþróttina í unglíngastarfi. „Hann hefur aldrei orðið uppvís að neinu misjöfnu í íþróttinni, ávallt komið fram af mikilli háttsemi og verið þannig öðrum fyrirmynd.“

Fram kemur í greinargerð lögmanns, dags. 9. apríl 2013 að það hafi komið kærða í opna skjöldu að fundist hefði niðurbrotsefni á bannlista WADA hjá honum „enda ekki innbyrt neitt sem hann taldi að gæti verið ólöglegt eða á bannlista WADA.“

Í greinargerð lögmanns kærða, dags. 9 apríl 2013, kemur eftirfarandi fram:

„Fram að skýrslutöku reyndi kærði að rifja upp hvort og þá hvað það gæti verið sem hann hefði innbyrt er kæmi fram í sýninu. Í skýrslutökunni reyndi hann að upplýsa eftir bestu samvisku hvað það gæti mögulega hafa verið sem hann hefði innbyrt og fundist hefði í sýninu. Nefndi hann í dæmaskyni [að] nefúða sem hann hefði fengið lánaðan sem [hann] væri lyfseðilskyldur. Þá hafi kærði nefnt möguleikann á því að leifar af D-bol sterum gætu hafa enn verið í glasi sem hann þáði frá bróður sínum sem átti að innihalda næringardrykk eða boost. En þetta var það eina sem kærða datt í hug enda innbyrti hann ekkert sem hann taldi að gæti telft keilufjerli sínum í hættu ef hann yrði boðaður í lyfjaeftirlit.“

Í greinargerð lögmanns kærða, dags. 9. apríl 2013 rökstyður hann aðalköfu þannig:

„Kærði hefur ekki forsendur til að hnekkja niðurstöðum lyfjaeftirlitsins eða véfengja þær. Hann telur ekkert annað koma til greina en að efnið sé af völdum þess að leifar af D-bol sterum hafi verið í drykk sem bróðir kærða blandaði honum eða vegna nefúðans, en þó ber að halda því til haga að sterarnir voru ekki ætlaðir kærða.

Kærandi byggir á því að hann hafi ekki ætlað að bæta árangur sinn í keilu með öðrum hætti en keiluiðkun og æfingum í íþróttinni. Í því sambandi verður að horfa til þess að keila er nákvæmnisíþrótt. Hafi fundist vefaukandi sterar í sýninu er ljóst að þeir bæta ekki árangur keiluiðkenda enda ekki til þess valdandi að auka einbeitingu, nákvæmni, vera í andlegu jafnvægi eða neitt slíkt sem þörf er á þegar keila er leikin. Það er því alls ósannað að umræddir sterar séu árangursbætandi í keilu. Hörður Ingi Jóhannsson landsliðsþjálfari í keilu telur það frekar hamlandi að vera mjög vöðvastæltur í keilu.“

Fram kemur í greinargerð lögmanns kærða, dags. 9. apríl 2013, að kærði telur sig hafa getað sýnt með hvaða hætti umrætt efni komst í líkama hans og auk þess hafi það verið fyrir mistök og efnið sé ekki að nokkru leyti árangursbætandi efni fyrir keiluiþróttina. Því beri við ákvörðun refsingar að horfa til þessa og fella refsingu niður skv. 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Varakröfu rökstyður lögmaður kærða þannig í greinargerð, dags. 9. apríl 2013:

„Fallist dómurinn ekki á að fella niður óhlutgengi kærða byggir hann á því að áminning sé hæfileg refsing í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið og að undanþága verði veitt frá banninu. Fallist dómurinn ekki á það byggir kærði á því að refsing skuli ekki ákveðin lengri en til tveggja mánaða.“

Kærði byggir jafnframt á því að hann hafi ekki sýnt af sér neina sök í málinu í samræmi við ákvæði 10.5.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Í ljósi framangreinds sé ljóst að kærði telur að ákvæði 10.5.1 eigi við í málinu og beri að veita undanþágu frá broti.“

Þrautavarakröfu byggir lögmaður kærða á því að ákvæði 10.5.2 eigi við og beri að stytta bann verulega í samræmi við það. Að öðru leyti er byggt á sömu rökum og í aðal- og varakröfu.

Fram kemur í greinargerð Lyfjaráðs, dags. 15. apríl 2013, að efnið sem greindist í kærða fellur undir flokk vefaukandi efna (S1) og flokkist því ekki undir skilgreiningu um „Sérstaklega tilgreind efni“ í 4.2.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Því sé ekki hægt að beita 10.4 sem fjallar um niðurfellingu eða styttingu refsingar vegna „Sérstaklega tilgreindra efna“. Einnig kemur fram, að vísun kærða til 10.5.1. sem fjallar um enga sök eða vanrækslu eigi ekki við, sökum þess að kærði hafi sýnt af sér vanrækslu í málinu. Er í því sambandi vísað til þess sem fram kemur í greinargerð lögmanns kærða um nefúðann. Fram kemur að íþróttamenn bera fulla ábyrgð á því sem þeir neyta og nota og verða að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama þeirra.

Varðandi lágan styrk efnis samanborið við mál nr. 4/2011, kemur fram í greinargegð Lyfjaráðs, dags. 15. apríl 2013, að um er að ræða algjörlega óskyld efni; „*annað vefaukandi steri og hitt kannabis og því með öllu óraunhæft að bera saman styrkleika í sýnum*“.

Einnig kemur fram í greinargerð Lyfjaráðs, dags. 15. apríl 2013.

„Krafa 4.2. Hér vísar kærði til greinar 10.5.2 þar sem fjallað er um enga umtalsverða sök eða vanrækslu. Lyfjaráð hefur áður reifað í ákærrunni að með hliðsjón af málavöxtum að beiting hennar komi til greina.

Að lokum vísar Lyfjaráð í athugasemd með grein 10.5.5. í Lögum ÍSÍ um lyfjamál er varða ákvörðun refsingar vegna brota á lögnum og mögulegrar mildunar á óhlutgengi.“

Í greinargerð kærða, dags. 24. apríl 2013, kemur fram eftirfarandi:

"Byggir hann á því að það sé alfarið ósannað að umrætt efni sem fannst í sýni hans falli undir flokk vefaukandi efna (S1) eins og haldið er fram í greinargerðum kæranda. Í því sambandi byggir kærði á því að kærandi hafi sönnunarbygðina fyrir því að umrætt efni sé vefaukandi og því ekki sérstaklega tilgreint efni eins og það er skilgreint. Þó að margt bendi til þess að umrætt efni sé steri, verður þó við frekari skoðun ekki ráðið að það falli í flokk S1 á bannlista WADA.

Allan vafa í því sambandi beri að skýra kærða í hag. Á bannlista er efnasamsetningu þess sem fannst í sýni kærða ekki að finna, þ.e.a.s. "17-oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4 13-triene-3-one". Kærandi fullyrðir að efnið sé að finna í flokki S1 á bannlista WADA, en svo verður hins vegar ekki séð. Í ljósi þess byggir kærandi á því að það sé ósannað að umrætt efni geti ekki talist sérstaklega tilgreint efni í skilningi ákvæðis 10.4 í lyfjareglum ÍSÍ."

Dómurinn óskaði eftir að svörum Lyfjaráðs, dags. 3. maí 2013, við þessu sem fram kemur í greinargerð kærða, dags. 24. apríl 2013, varðandi efnið sem geindist í líkama kærða.

Í svari Lyfjaráðs, dags. 3. maí 2013, kemur fram að Methandienone sem greindist í kærða er tilgreint á bannlista WADA í flokki S1. (vísað er til línu 9).

Jafnframt kemur fram í svari Lyfjaráðs, dags. 3. maí 2013, að upptalning efna á bannlisti WADA er ekki tæmandi eins og þar komi fram. Með því sé verið að tryggja að ekki sé hægt að fara framhjá reglunum með því að hnika lítillaga til efnabyggingum bannaðra efna í þeim tilgangi að forðast refsingar.

Dómurinn óskaði eftir að rökstuðningi kærða, dags. 3. maí 2013, við beiðni um nafnleynd.

Í svari lögmanns kærða, dags. 3. maí 2013, kemur fram að kærði hafi orðið fyrir miklum óþægindum vegna málsins og nafnbirtingu kunni að verða honum erfiðari verði hann dæmdur til refsingar. Vísað er til þess að kærði hafi komið fram af hreinskilni í málinu, „lýst yfir því sem hann telur sennilegt að hafi valdið því að umrætt efni fannst í líkana hans. Hann hefur því sýnt af sér mikinn samstarfsvilja. Í ljósi þess, þar sem hann hefur nú þegar orðið fyrir miklum óþægindum vegna málsins, hann tekur málið í heild nærri sér enda kann þetta að hafa áhrif á feril hans innan íþróttarinnar, lýst því að um mistök sé að ræða, telur hann að rök hans standi til þess að nafn hans verði ekki birt hvort sem hann verði alfarið fundinn saklaus eða dæmdur til óhlutgengis.“

IV

Lagarök

Kærandi byggir á lögum ÍSÍ um Lyfjaráð, grein 1.2.1 varðandi kæruehimild, grein 4 varðandi bannlista WADA og grein 10 varðandi viðurlög, einkum grein 10.2.

Af gögnum málsins verður ráðið, að kærði byggir á grein 10.4 í aðakröfu, grein 10.5.1 í varakröfu og grein 10.5.2 í þrautavarakröfu.

V

Niðurstöður

Af gögnum málsins verður ráðið að niðurstöður greiningar á þvagsýni kærða sem sent var til Svíþjóðar og bærust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ 21. febrúar 2103 sýndu að í sýninu var að finna niðurbrotsefni Methandienone, 17 –oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4, 13-triene-3-one, sem er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir. Styrkur efnisins í þvagsýni kærða var 28 ng/ml.

Kærða var kynnt þessi niðurstaða og gekkst hann við henni. Jafnframt upplýsti kærði eftir bestu samvisku hvað hann innbyrti sem gæti hafa greinst í sýninu. Nefndi kærði í því sambandi nefúða sem hann fékk lánaðan og að leifar af D-ból sterum gætu hafa verið ennþá í glasi sem hann þáði frá bróður sínum sem átti að innihalda næringardrykk eða boost.

Í kæru Lyfjaráðs er kært fyrir brot á lögum ÍSÍ um lyfjamál vegna lyfjamisnotkunar. Vísað er til þess að skv. grein 1.2.1 gildi lögin um alla skráða félagsmenn innan vébanda ÍSÍ og skv. grein 4.1.1 gildi bannlisti WADA um þá. Í kæru Lyfjaráðs er brot kærða talið varða við grein 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál, sem mælir fyrir um 2ja ára óhlutgengi fyrir fyrsta brot. Jafnframt vísar Lyfjaráð í kæru til þess að til álita komi að beita gr. 10.5.2 í málinu, sem mælir fyrir um undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna þegar um enga umtalsverða sök eða vanrækslu er að ræða. Einnig vísar Lyfjaráð í grein 10.5.5. í lögum ÍSÍ um lyfjamál í greinargerð sinni dags. 15. apríl 2013, sem mælir fyrir um undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna, þegar um enga umtalsverða sök eða vanrækslu er um að ræða.

Aðalkrafa kærða byggir á grein 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál, sem kveður á um niðurfellingu eða styttingu á tímabili óhlutgengis fyrir sérstaklega tilgreind efni við sérstakar aðstæður. Til vara byggir kærði á grein 10.5.1, sem mælir fyrir um undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna, þegar um enga sök eða vanrækslu er að ræða. Til þrautavara byggir kærandi á grein 10.5.2 sem mælir fyrir um undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna, þegar um enga umtalsverða sök eða vanrækslu er um að ræða.

Um viðurlög við broti kærða er mælt fyrir um í grein 10 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Dómurinn telur brotið réttilega heimfært undir ákvæði 10.2 í lögnum, sem mælir fyrir um 2ja ára óhlutgengi fyrir fyrsta brot.

Í samræmi við framlögð gögn um niðurstöður greiningar á þvagsýni kærða telur dómurinn það sannað að efni það er greindist í þvagsýni kærða er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir. Þetta hefur það í för með sér að grein 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál verður ekki beitt í málinu, þar sem efni sem flokkast undir vefaukandi efni (S1) eru sérstaklega undanskilin í grein 4.2.2. Aðalkröfu kærða er því hafnað.

Eins og fram er komið byggir kærði varakröfu sína á grein 10.5.1. Því mótmælir Lyfjaráð, telur kærða hafa sýnt af sér vanrækslu í málinu, með því að fá lánaðan nefúða án þess að vita um innihald hans. Ekki hefur verið sýnt fram á að notkun umrædds nefúða hafi átt nokkurn þátt í því að bannað efni greindist í þvagsýni kærða. Íþróttamenn bera hins vegar ábyrð á því sem þeir neyta og það er þess vegna álit dómsins að kærði hafi sýnt af sér vanrækslu í málinu, þegar hann þáði næringardrykk af bróður sínum án þess að gera sér grein fyrir innihaldi hans og hvaða afleiðingar inntaka hans gæti haft í för með sér fyrir hann. Það er þess vegna mat dómsins, að grein 10.5.1 verði ekki beitt í málinu og er varakröfu kærða því hafnað.

Þrautavarakrafa kærða byggir á grein 10.5.2. Eins og fram er komið kveður greinin á um undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna, þegar engin umtalsverð sök eða vanræksla er fyrir hendi. Lyfjaráð vísar auk þess í grein 10.5.5, sem kveður á um styttingu eða frestun viðurlaga ef íþróttamaður eða annar einstaklingur sýnir fram á rétt til styttingar á refsingu samkvæmt fleiri en einu ákvæði greinarinnar.

Dómurinn telur með hliðsjón af málavöxtum, að þar sem fyrir liggur að kærði viðurkennir brotið á lyfjareglunum, hann leiðir líkur að hvernig tilgreinda efnið komst inn í líkama hans, hann færir rök fyrir því að hann eigi mjög litla sök í málinu og telst veita umtalsverða aðstoð, að ákvæði 10.5.5 eigi við í málinu með því að heimfæra þessa háttsemi undir greinar 10.5.2 og 10.5.3. Með vísan til þessa er það álit dómsins, að forsendur séu til þess í málinu að stytta óhlutgengi kærða niður í 6 mánuði miðað við 22. febrúar 2013.

Beiðni kærða um nafnleynd er tekin til greina og er í því sambandi byggt á rökstuðningi kærða og því að um er að ræða fyrsta brot kærða.

Dómsorð:

Kærði, X, er dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þáttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Ennfremur er kærði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði, allt frá 22. febrúar 2013 að telja.

Halldór Frímansson
(sign)

Siguður I Halldórsson
(sign)

Sigurður Magnússon
(sign)

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.